

LÖG

um breyting á lögum um brunatryggingar, nr. 48/1994.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 2. gr. laganna:

- a. Í stað orðanna „fasteignaskrá stofnunarinnar“ í lokamálslið 1. mgr. kemur: Landskrá fasteigna.
- b. Í stað orðanna „fasteignaskrá stofnunarinnar“ í 2. málsl. 10. mgr. kemur: Landskrá fasteigna.

2. gr.

6. gr. laganna fellur brott.

3. gr.

Við lögin bætist nýtt ákvæði til bráðabirgða, svohljóðandi:

Til þess að standa straum af kostnaði Fasteignamats ríkisins við að uppfæra og halda Landskrá fasteigna skulu húseigendur greiða til þess sérstakt umsýslugjald á árunum 2000–2004. Skal gjald þetta nema 0,025‰ (prómillum) af brunabótamati hverrar húseignar árið 2000, en á árunum 2001–2004 skal gjaldið nema 0,1‰ (prómilli) af brunabótamati hverrar húseignar. Skal váttryggingafélag innheimta gjaldið samhliða innheimtu brunatryggingariðgjalda og skila umsýslugjaldi til Fasteignamats ríkisins eigi síðar en 45 dögum eftir gjalddaga.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört á Bessastöðum, 16. maí 2000.

Ólafur Ragnar Grímsson.

(L. S.)

Valgerður Sverrisdóttir.

9. maí 2000

Nr. 41

LÖG

um breytingu á lögum um atvinnuréttindi útlendinga, nr. 133 21. desember 1994.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

A-liður 13. gr. laganna orðast svo: Ríkisborgara í ríkjum sem eiga aðild að samningi um Evrópska efnahagssvæðið, sbr. lög um frjálsan atvinnu- og búseturétt launafólks innan Evrópska efnahagssvæðisins, hafi þeir fengið dvalarleyfi eða afhent skráningaryfirvaldi norrænt flutningsvottorð. Hið sama gildir um maka Íslendinga eftir því sem við á.

2. gr.

Við 14. gr. laganna bætast tvær nýjar málsgreinar sem orðast svo:
Þeir sem koma fram á næturlúbbum falla ekki undir þessa undanþágu.
Ráðherra getur sett reglur sem skilgreina nánar einstök störf sem falla undir undanþágu
skv. 1. mgr.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört á Bessastöðum, 9. maí 2000.

Ólafur Ragnar Grímsson.

(L. S.)

Páll Pétursson.

Nr. 42

16. maí 2000

LÖG

um þjónustukaup.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

I. KAFLI

Gildissvið.

1. gr.

Lög þessi taka til hvers kyns samninga um kaup á þjónustu sem veitt er neytendum í atvinnuskyni gegn endurgjaldi og þegar veitt þjónusta felur í sér:

1. vinnu við lausafjármuni,
2. vinnu við fasteignir, vinnu vegna byggingarframkvæmda eða aðrar framkvæmdir á landi,
3. geymslu á lausafjármunum,
4. ráðgjafarþjónustu sem veitt er í tengslum við 2. tölul.

Með þjónustu er átt við heildarframlag seljanda sem honum ber greiðsla fyrir.

Með neytanda er átt við einstakling sem er kaupandi þjónustu og kaupin eru ekki í atvinnuskyni eða í tengslum við starf hans.

2. gr.

Lög þessi eiga ekki við um:

1. smíði á hlut þegar sá á að leggja til efnið sem hlutinn býr til og um er að ræða kaup í skilningi laga um lausafjárkaup,
2. samsetningar, smíði eða annars konar vinnu sem seljandi þjónustu innir af hendi og er liður í samningi hans og neytanda um kaup í skilningi laga um lausafjárkaup,
3. úrbætur á göllum sem seljandi gerir eða lætur gera á grundvelli laga um lausafjárkaup,
4. vinnu við eða geymslu á lifandi dýrum.

3. gr.

Eigi má með samningi víkja frá ákvæðum laga þessara neytanda í óhag.